

Stjórnarfundur UMSE haldinn á Búgarði fimmtudaginn 1. Mars 2012 klukkan 20:00

Mættir eru: Óskar Þór, Þorsteinn, Einar, Jóhanna, Kristlaug, Edda Kamilla, Kristín, Þorgerður  
Boðuð forföll: Birkir

Óskar setti fundinn.

1. Fundargerð seinasta fundar lesin upp.  
Samþykkt fundargerðar frestað þangað til að búið er að búið er að birta hana með þessari fundargerð.
2. Styrkumsóknir.  
Formlega styrkumsóknin frá því á seinsta fundi barst fyrir þennan fund. Samþykkt var að styrkja keppendur sem að fóru á RIG.
3. Innsend bréf
  - Frá FRÍ, dagskrá FRÍ þings sem að haldið verður á Selfossi 16. og 17 mars nk. ásamt kjörbréfi og þingfulltrúatölu.
  - Bréf frá ÍSÍ um lagabreytingar hjá ÍSÍ á seinsta þingi, við erum beðin að fara yfir lagabreytingarnar og athuga hvort að þessar breytingar hafa áhrif á okkur. Bréfið áfram sent til laganefndar.
  - Bréf frá FRÍ um tilnefningar til stjórnarsetu í FRÍ. Við erum beðin um að tilnefna tvo aðila til setu í stjórn FRÍ.  
Stjórn telur það verk uppstillingarnefndar að stilla upp fólki til að taka sæti í stjórn FRÍ, hafi engin framboð borist fyrir áður auglýstan frest sé það hlutverk uppstillingarnefndar að stilla upp í öll sæti sem að eru laus en ekki stjórnar FRÍ og ekki sambandsaðila FRÍ.
4. Frjálsíþróttir  
Bréf barst frá Ara Jósavinsyni í gær, 29. febrúar 2012 vegna starfsloka hans. Bað hann um lausn sem allra fyrst. Ekki er hægt að verða við beiðni Ara eins og er, en jafnframt á að vinna málin eins fljótt og hægt er.
  - 4.1 Þjálfaramál  
Halda þarf áfram viðræðum við UFA. Óskar ætlar að hringja á morgun og reyna að koma á fundi við Nóa Björnsson.
5. Ársþing
  - 5.1 Tillögur  
Þorsteinn lagði fram tillögur fyrir komandi ársþing.
  - 5.2 Hvað er eftir
    - Skýrslan er í vinnslu, búið er að samþykkja reikningana. Það á eftir að finna tvo forseta og starfsmenn þingsins. Skoða á með forsetana af Reynis svæðinu.
    - Kristín er að vinna í gjöfunum.
6. Önnur mál.
  - Sýndur var nýr keppnisbúningur sem að stendur til að panta.
  - Vilhjálmur Björnsson er sjötugur í dag, 1. mars. Haldið verður upp á afmælið hans annaðkvöld. Ákveðið hefur verið að veita honum gjöf og gullmerki UMSE.
  - Einar lagði fram lottó úthlutnarreglur í samræmi við það sem að rætt var á formannafundinum í janúar.

Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 8. mars kl: 20:00  
Fundur slitinn 22:24

---

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari.

---

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður.